

Sendandi: Kolbrún Friðriksdóttir, 28. maí 2017.

Umsögn v/ frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni).

Ég, undirrituð, vildi koma því á framfæri að með orðalagi í frumvarpinu virðist vera gert ráð fyrir of einsleitri mynd af málum sem varða tálmun/takmörkun á umgengni. Hér neðar má sjá í stuttu máli dæmi um hvernig birtingarmyndin getur verið; tveir dómar féllu síðar í því máli og er hægt að veita upplýsingar um þá ef óskað er:

Foreldrar voru með sameiginlega forsjá. Faðir (sem var ekki lögheimilisforeldri) naut reglulegrar umgengni við börn sín. Með úrskurði sýslumanns var umgengnin ákveðin 5 dagar hjá föður á mótí 9 dögum hjá móður (lögheimilisforeldri). Faðir fór gegn úrskurði sýslumanns, tók sér æ meiri umgengnistíma og beitti þar með takmörkunum á samvistir barna og móður. Málið fór síðar fyrir héraðsdóm þar sem gerð var dómsátt, sem gekk út á 6 daga hjá föður á mótí 8 dögum hjá móður. Faðir fór einnig gegn dómsáttinni, tók sér meiri tíma en hún kvað á um, og beitti þar með áfram takmörkunum á samvistir barna og móður.

Það er tvennt sem hér er gerð athugasemd við:

a) Í 1. gr. segir:

„Tálmi það foreldri **sem barn býr hjá** hinu foreldrinu [...]“

Ég tel varhugavert að gera heimilisfesti barns að atriði í frumvarpinu. Einu ætti að gilda hvar barn „á heima“ í því tilviki sem tálmunarforeldri fremur brot sitt. Dæmi eru um það, eins og að ofan greinir, að foreldri sem barn á ekki lögheimili hjá sé tálmunarforeldrið og gera þyrfti ráð fyrir þeim möguleika í frumvarpinu.

Auk þess má benda á að flestir foreldrar sem njóta eðlilegrar umgengni við barn sitt telja líklegast að barnið „búi hjá þeim“, hvað sem skráningu lögheimilis þess líður.

Hér er því lagt til að felldur verði brott setningarhlutinn „sem barn býr hjá“ úr 1. gr.

b) Í *greinargerð* virðist gert ráð fyrir einsleitri mynd af tálmunum/takmörkunum og gera þyrfti skýrari grein fyrir því hvað átt er við með þessum hugtökum. Ég tel t.d. varhugavert að gera ráð fyrir því að takmörkunum/tálmunum geti eingöngu verið beitt „þegar umgengni á að hefjast“ eins og virðist gengið út frá í greinargerðinni; eins og dæmið að ofan sýnir getur takmörkunum allt eins verið beitt „þegar umgengni á að ljúka“. Nærtækast væri að miða skilgreininguna við það að takmörkun/tálmun nái til þess þegar foreldri veldur því með einum eða öðrum hætti að úrskurður verður ekki framkvæmdur, þ.e. þegar farið er gegn úrskurði sýslumanns, dómi, dómsátt eða samningi aðila.

Virðingarfyllst, Kolbrún Friðriksdóttir